# Upptökur á blakleikjum til tölfræðigreiningar

Tölfræðigreining er orðinn mikilvægur hluti í undribúning flestra liða á Íslandi. Til þess að tölfræði sé marktæk er mikilvægt að öll lið fari vel eftir leiðbeiningum um vinnu í kringum tölfræðiupptökur. Mikilvægast er að upptökur til greiningar séu í góðum gæðum og sé hlaðið upp eins fljótt og auðið er.

Myndavél skal standa við annan enda vallar, fyrir utan afmarkað keppnissvæði, vera í góðu hulstri og á stabílum fæti/standi sem ekki dettur eða brotni þó að bolti fari í tækið. Myndavél skal vera við eða rétt fyrir ofan nethæð og skal nær-endi vallarins þekja nærri alla breidd myndavélarinnar. Mynd skal vera í landscape mode og í a.m.k. 1280x768 pixela upplausn.

Sjá dæmi um góða uppsetningu hér: Dæmi um uppsetningu á Tölfræðimyndavél.pdf

**Eftir leik skal setja inn myndband um leið og leikur klárast á DataVolley forritið, sama kvöld eða eigi seinna en 12 klst. eftir að leikur klárast.**

Þeir sem sjá um tölfræðigreininguna eru oft búnir að skipuleggja sína vinnu með það í huga að upptökur séu komnar inn á réttum tíma.

Scout hefur svo 48 klst. frá því að leikur er settur inn til að skila inn fullkláraðri tölfræðiskýrslu. Auka 24 klst bætast við ef fleiri en 2 leikir eru þann dag.

Ef að koma upp vandamál með að hlaða inn upptökum í DataVolley er mikilvægt að senda póst strax á mótastjóra og scout fyrir viðkomandi deild.

| | | |
|---|---|---|
| Mótastjóri | Rósborg Halldórsdóttir | motastjori@bli.is |
| Karladeild | Santiago Garcia | santi_g_d@hotmail.com |
| Kvennadeild | Hilmir Berg Halldórsson | Hilmirberg2000@gmail.com |

Ekki er nóg að senda skilaboð inn á Facebook hópinn “Scouting BLÍ” (https://fb.me/g/61RDTTgJo/jaViyWoJ) til að tilkynna tæknivillur en gott er að setja inn skilaboð þar svo að aðrir þjálfarar sjái líka og geti ef til vill aðstoðað.

Ef að upptaka er ekki komin á DataVolley eða tilkynning um tæknivandamál innan 12 klst. frá lok leiks þá er blakdeild sektuð um eftirfarandi*.

| **Atvik** | **Sekt** |
|---|---|
| Engin upptaka innan 48 tíma né tilkynning | 50.000kr |
| Upptaka mistókst alveg | 50.000kr |
| Scout setur út á gæði myndbands en það er ekki lagað innan 14 daga | 50.000kr |

*Viðvörun er gefin við fyrsta atvik ef um óviðráðanlegar aðstæður er að ræða en í annað skipti skal alltaf beita sektaratkvæðum.

**Sekt tvöfaldast ætíð við endurtekin brot.

Leiðbeiningar um DataVolley: DataVolley Handbók (2007).pdf